

Akureyri, 9.janúar 2020

Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar, fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024, mál nr. 434, og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034, mál nr. 435.

Norlandair vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemd á samgönguáætlun eins og hún liggur fyrir núna.

Er hér sérstaklega átt við tvennt:

- þá staðreynd að ekki er fyrirhugað að veita neinu fé í nauðsynlega uppbyggingu / nýframkvæmdir á Akureyrarflugvelli næstu 5 árin.
- ekki er með skýrum hætti sýnt fram á fjárveitingar til innleiðingar EGNOS, nákvæmnisaðflugstækni.

Varðandi uppbyggingu á Akureyrarflugvelli þá er vert að taka það fram að Norlandair sótti um nýja lóð til ISAVIA á Akureyri til að byggja flugskýli sem myndi henta fyrir núverandi og framtíðarrekstur. En það flugskýli sem er notast við í dag er í eigu Air Iceland Connect. Það skýli er of lítið fyrir núverandi starfsemi og því óhentugt og heftir allan vöxt. Í því ljósi var lóðarumsókn undirbúin og send til ISAVIA þann 1.ágúst 2012. Neikvætt svar barst frá ISAVIA 24.apríl 2013 þar sem engar lóðir voru tiltækar, en sótt var um lóð á væntanlegri uppfyllingu norðan við núverandi flugstöð. Á þessum tíma höfðu bæði ráðherrar og aðrir þingmenn fullyrt í okkar eyru að það yrði gengið frá þessari uppfyllingu þannig að hægt væri að koma upp aðstöðu þar innan tiltölulega skamms tíma. Nú, árið 2020, heilum 8 árum frá því að farið var í umsóknarferli fyrir byggingarlóð, er staðan sú að það vantar töluvert af efni í uppfyllinguna og þar sem ekki er fyrirhugað að setja neina peninga í uppbyggingu á Akureyrarflugvelli þá gætu bæst við önnur 5 ár, eða 13 ára biðtími í heildina. Í krefjandi rekstrarumhverfi sem flugrekstur er, þá gefur augaleið að 13 ára biðtími er óraunhæfur og algjörlega óásættanlegur.

Varðandi EGNOS; leiðréttingastöðvar EGNOS gera Norlandair og öðrum flugrekendum mögulegt að nýta nákvæmnisaðflug og þar af leiðandi að lækka þau lágmark sem eru í gildi í dag. Þannig að búast má við að þetta fækki þeim dögum sem er ekki hægt að fljúga vegna veðurskilyrða sem og að auka öryggi í flugi með betri nákvæmnisaðflugum. Það er fjallað um EGNOS í fimm ára áætluninni en ekki talað um hvenær verkefninu eigi að ljúka, þ.e. innleiðingaráætlun er ekki skýr.



Um Norlandair

Norlandair hefur sinnt leiguflugi og áætlunarflugi frá Akureyri til Nerlerit Inaat á austurströnd Grænlands, ásamt því að sinna áætlunarflugi til Vopnafjarðar, Þórshafnar og Grímseyjar.

Saga leiguflugs Norlandair til Grænlands og á Grænlandi á sér langa sögu og hófst fyrir alvöru í upphafi níunda áratugarins. Breytingar á markaðsaðstæðum gerðu það að verkum að það var farið í undirbúning árið 2012 að setja á fót reglulegt áætlunarflug til Grænlands frá Akureyri. Varð það úr að reglubundið áætlunarflug til Grænlands hófst þann 1.mars 2013 og stendur enn í dag, er þetta eina millilandaflug í áætlun á ársgrundvelli sem flogið er frá Akureyrarflugvelli.

Norlandair á og rekur fjórar flugvélar og er fyrirtækið með höfuðstöðvar á Akureyri.

F.h. Norlandair

Arnar Friðriksson, Sölu- og Markaðsstjóri